

### **33. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldin á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3, mánudaginn 29. apríl 2013 kl. 12:00**

**Mætt eru:** Steinunn Leósdóttir, Josteinn Hermundsson, Björgvin Þóroddsson, Sóley Indriðadóttir, Jón Arnar Beck, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

#### **Dagskrá.**

##### **1. Umsókn um byggingarleyfi.**

Í tölvupóst frá byggingarfulltrúa Langanesbyggðar er óska eftir umsögn nefndarinnar vegna breytinga á Langanesvegi 2. Óskað er eftir samþykki fyrir að innrétta 6 litlar/miðlungsstórar íbúðir ásamt fjölnota þjónusturými í húsinu. Undirritaður óskar umsagnar skipulagsnefndar og sveitarstjórnar Langanesbyggðar um leyfi fyrir innréttingu íbúða í húsinu. Umsögn umhverfis- og skipulagsnefndar snúi fyrst og fremst að skipulagslegri stöðu, þ.e. hvort nefndin samþykkir að í húsinu verði íbúðir. Undirritaður sem er byggingarfulltrúi mun fara yfir tæknileg málefni breytinganna s.s. innra skipulagi rýma, flóttaleiðum, einangrun og utanhússklæðningu hússins ef sveitarstjórn samþykkir breytta notkun. Með umsókninni er grunnmynd 1:100 og 1:500 ásamt útlit og snið teikningu 1:100.

Sveitarstjóri kynnti að ef nefndin samþykkir breytta notkun á húsinu verði að gera nýjan lóðaleigusamning í framhaldinu þar sem um er að ræða stækkun á lóðinni. Gaukur byggingarfulltrúi kom inn á fundinn í gegnum síma og fór yfir málin með nefndarmönnum.

Mikil umræða um notkunina á húsinu og er nefndin ekki sátt við að þar verði innréttaðar íbúðir. Allir nefndarmenn hefðu frekar viljað sjá þetta sem þjónusturými að einhverju tagi.

Formaður bar upp tillögu hvort nefndin samþykkti breytinguna á húsinu að hluta í íbúðir. Tveir nefndarmenn eru með tillögunni og einn á móti. Tveir sitja hjá. Tillagan er þá samþykkt með tveimur atkvæðum gegn einu.

##### **2. Byggingarleyfisumsókn.**

Faglausn ehf. sækir hér um byggingarleyfi vegna bætt aðgengi við Skoruvík /Stóra karl. Meðfylgjandi er: Grunnmynd, útlit og snið, afstöðumynd, umsagnir Umhverfisstofnunar og Fjármála- og efnahagsráðuneytinu ásamt ígrundun nefndarinnar. Formaður bar þetta undir nefndina. Samþykkt samhljóða.

##### **3. Göngustígur út á hafnargarð.**

Sveitarstjóri lagði fram bréf frá nemendum við Grunnskólann á Þórshöfn. Sveitarstjórn tók bréfið fyrir á fundi sínum 24. apríl 2013 sl. Sveitarstjórn vísaði því til umhverfis- og skipulagsnefndar.

Nefndin ræddi hugmyndina og sammála um skoða möguleikana á þessari framkvæmd áfram. Sveitarstjóra falið að kanna möguleikana á styrkjum.

##### **4. Breytingar á samþykktum um hunda-og kattahald Langanesbyggðar.**

Lögð fyrir fundinn tillaga af nýrri samþykkt . Ný samþykkt borin upp og samþykkt samhljóða.

##### **5. Gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Langanesbyggð.**

Gjaldskráin í heild sinni lög fram. Samþykkt samhljóða.

## 6. Önnur mál.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu aðalskipulags en það er ennþá hjá ráðherra.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu deiliskipulagsins fyrir urðunnarsvæðið við Bakkafjörð. Nú hafa umsagnir vegna skipulags- og matslýsingar deiliskipulagsins borist frá bæði Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun. Umsögn Umhverfisstofnunar barst nokkuð seint eða í bréfi dags. 19. apríl s.l.. Þar kemur fram að Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við lýsingarnar. Deiliskipulagsuppdráttur með greinargerð og umhverfisskýrslu vegna urðunnarsvæðisins við Bakkafjörð verður tilbúinn í þessari viku.

Upplýsingareitur á Þórshöfn. Gunnólfur kynnti málið. Nokkur umræða var um upplýsingareitinn og staðsetningu hans. Sammála um að fyrirhuguð staðsetning við endann á syðri hafnargarðinum sé heppileg.

Rætt um hvaða umhverfisverkefni sem stefna ætti að í sumar. Rætt um gangstéttagerð og gróðursetningar. Mikilvægt að vinna að því að gera tjaldsvæðið betra og að vinna að göngustígagerð frá tjaldsvæðinu. Rætt um bílhrae innan bæjar.

Rætt um aðstöðu fyrir hestamenn.

Fyrirspurn barst um hvort sveitarfélagið hefði svæði undir skotæfingarsvæði.

Spurt út hænsnahald innanbæjar í Langanesbyggð.

Spurt út í hvort byrjað sé á því að undirbúa nýja kirkjugarð á Þórshöfn. Mikilvægt að fara að huga að því að þurrka upp svæðið.

Fleira ekki gert

Fundagerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið 14:11